



Coaching as a method of supporting development of children and youth

Scenarios

Non-Public Youth Educational Centre in Węgrzynów

15 maja 2016
ERASMUS+

Contents

Vinnustofa 1.....	2
Vinnustofa 2.....	8
Vinnustofa 3.....	21
Vinnustofa 4.....	29

The project is implemented with financial support from the European Commission. This publication reflects the views only of the author, and the European Commission and the National Agency are not responsible for placed on their part. This material is distributed free of charge.

Workshops scenario no 1
Coaching in educational practice. Teacher – coach skills

UPPSETNING NÁMSKEIÐS

Hluti námskeiðs: MARKÞJÁLFUN Í KENNSLU

- 1. Lengd námskeiðs: 4 klst. (Fyrirlestur (F)-30 mín., Verklegar æfingar (VÆ)- 3 klst. 30 mín.).**
- 2. Ráðlagður fjöldi þátttakenda: 34 starfandi kennarar.**
- 3. Tilgangur námskeiðs:**
 - Að gera þátttakendum grein fyrir mikilvægi markþjálfunar sem nýstárlegri aðferð við að nýta auðlindir og ályktanir barna og ungmenna við að styðja við þroska þeirra.
 - Að læra nýstárlegar aðferðir við að leysa úr erfiðum málum í sambandi markþjálfara og nemanda.
 - Að auka skilning þátttakenda á hve mikilvæg hæfni markþjálfara er til að þjálfunarferlið skili árangri.
 - Að auka hæfni með notkun ICT aðferða við að útbúa dæmi um markþjálfun til notkunar í skólastarfi.
- 4. Niðurstöður:**

Þátttakendur munu:

 - Öðlast þekkingu á markþjálfun – aðferð sem miðar að því að styrkja nemandann til að ná markmiðum sínum á sjálfstæðan hátt.
 - Geta útbúið lista meða æskilegum kostum markþjálfara og búið til hæfnisskrá.
 - Búa yfir hæfni til að nýta ICT aðferðir við að búa til ferli markþjálfunar til notkunar í skólastarfi
- 5. Aðferðir:**
 - Aðlögun þekkingar og aðferða að hópnum
 - Gildisaukning: Hlutverkaleikir byggðir á tilfinningum og túlkun.
 - Sjálfstæðar rannsóknir til þekkingarauka: Lausn vandamála, lestur rannsókna, skiptast á humyndum, hugkort
 - Hagnýtar aðferðir: Æfingar til að virkja hópinn.

6. Dagskrá námskeiðs:

	Námskeiðspáttur	Lýsing/innihald námskeiðspáttar	Lengd		Aðstaða og áhöld	Athugasemdir
			F	VÆ		
1.	Skipulagning hópa. Kynning á efni námskeiðsins.	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Kynning á viðfangsefni og markmiðum námskeiðsins. <ul style="list-style-type: none"> ▪ Hópefli Æfing 1: "Nafnspjald - slúður". Hver þátttakandi fær A4 blað, sem er skipt í þrjá dálk. Í fyrsta dálk teiknar þátttakandi skuggamynd sína og stjörnumerki. Í annan dálk teiknar þátttakandi í hvernig skapi hún/hann er í í dag og hvers vegna og í þann þriðja hvert hún/hann myndi vilja bjóða vini sínum og hvers vegna. Allar upplýsingar á nafnspjaldinu skulu vera settar fram á myndrænan hátt. Kynning í pörum: <ol style="list-style-type: none"> a) Þátttakandi gengur til annarrar manneskju, kynnir sig, segir svo þriðju manneskju frá því sem hún/hann teiknaði á spjaldið sitt og skiptir síðan um spjald við þá manneskju. b) Þau ganga svo hvort í sína áttina, leita að öðru fólki og byrja að "slúðra", segja nafn þess sem lét þau hafa spjaldið sitt, benda á viðkomandi og segja hvað þau heyrðu, skipta síðan um spjöld. c) Næst er farið til enn annars þátttakanda og "slúðrað" um manneskjuna sem á spjaldið sem viðkomandi heldur á, svo koll af kolli. d) Stjórnandi námskeiðsins hefur umsjón með skiptingu spjaldanna. Á einhverjum tímapunkti eru skiptin stöðvuð og eigendur spjaldanna gefa sig fram. 	5 mín.	15mín	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Stórt herbergi sem býður upp á tilfærslu þátttakenda og hópavinnu. ▪ Skjávarpi. ▪ Möguleiki á kynningu með margmiðlun ▪ Pappírsarkir ▪ Tússpennar 	

		e) "Nafnspjöldin", er nú hægt að undirrita og koma fyrir í skólafunni.				
2.	Nýsköpun í kennslu – nálgun markþjálfunar	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Kjarni og mikilvægi markþjálfunar í kennslu – markþjálfun sem gagnvirk aðferð í kennslu og námi. <p>Æfing 2: Horft á myndskreið: https://www.youtube.com/watch?v=MLU2SojwyXg https://www.youtube.com/watch?v=UY75MQte4RU (Efri linkur virkar ekki)</p> <p>Umræður um aðstæður og samband persóna í myndunum. Hópnun er skipt upp í sex smærri hópa. Hver þeirra fær verkefnablöð þar sem helstu atriði markþjálfunar eru sett fram í töflu. Verkefnið er að tengja atriðin við það sem kom fram í myndunum. Veita athygli hegðun þeirra er birtast í myndunum. Hópar færa sig réttshælis á næstu stöð og bæta við það sem hópurinn á undan hafði gert. Niðurstöður settar fram.</p> <p>Æfing 3: Helstu kostir markþjálfara settir fram í hugkorti – sjónræn framsetning á muninum á góðum og slæmum markþjálfara.</p> <p>Æfing 4: Þátttakendur útbúa hæfnisskrá markþjálfara, byggða á niðurstöðum æfingar 3. Umræður fara fram í pörum, um þeirra eigin hugmyndir og möguleika á frekari þróun. Snjóboltaaðferð (í 4-6 manna hópum) – þátttakendur ræða viðfangsefnið. Í sameiningu er síðan útbúið veggspjald þar sem nauðsynlegir kostir og hæfileikar í markþjálfun eru tíundaðir.</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Tilfinningaleg greind í markþjálfun – KASH módelið (knowledge-attitude-skills-habits) – þekking-viðhorf-hæfni-venjur. Gundvallaratriði í árangursríkri markþjálfun. 	20 mín.	3 klst.	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Tæki til margmiðlunarkynningar ▪ A4 pappírsarkir ▪ Tússpennar <p>▪ Efni til útdeilingar: Dæmi um rannsókn og málefni til umræðu.</p>	

		<p>Æfing 5: Kynning á kostum – umræður í hópum. Hegðun og verk sem einkenna kennara samkvæmt KASH módelinu (sjálfsöryggi, stjórn á hópnum).</p> <p>Greining rannsóknar (jadzia Kruk), hlutverkaleikir þar sem einblínt er á hegðun persona. Umræður í hópum. Fyrirfram útbúið plagg er notað til að skilgreina hegðun á forsendum athugunar á þátttakendum. Þátttakendur nýta síðan verkefni til að bæta sjálfsöryggi sitt.</p> <p>Mikilvægi markþjálfunar kennara í menntun.</p> <p>Æfing 6: Kynning á rannsókn.</p> <p>VEIÐIMAÐUR – hlutverkaleikir byggður á samræðum. Hópumræður til samantektar.</p> <p>Æfing 7: Skipulagning markþjálfunar byggt á ákvarðantré eða fiski Ishikawa. Dæmi um markþjálfun í skólastarfi útbúin í hópum. Dæmin innihaldi tilbúin vandamál í samskiptum (t.d. milli kennara og nemanda, kennara og kennara eða kennara og foreldra).</p>				
3.	Samantekt og mat námskeiðs.	<ul style="list-style-type: none"> Til samantektar er farinn umræðuhringur. Stjórnandi námskeiðsins sýnir lista með ókláruðum setningum: <p>Ég lærði að...</p> <p>Ég ætla að nota...</p> <p>Ég kunni besta að meta...</p> <p>Ég kunni síst að meta...</p> <p>Þátttakendur ljúka við þessar setningar á blöðin sín. Blöðin eru síðan lögð á hvolf í miðju herberginu. Hver þátttakandi velur eitt blað og hengir það einhvers staðar í herberginu, síðan gengur fólk um og les það sem hinir skrifuðu.</p>	5 mín.	15 mín.	<ul style="list-style-type: none"> Stórar pappírsarkir á töflu. A4 pappírsarkir Tússpennar Tæki til margmiðlunarkynningar Matsblöð 	

	<p>Kennari spyr þátttakendur hvort það hafi verið auðveldara að ljúka við setningarnar skriflega eða munnlega. Setningarnar veita innsýn í niðurstöður hópavinnunnar.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að safna saman og koma skipulagi á viðeigandi upplýsingar um markþjálfun í kennslu. • Mat – þátttakendur fylla út matsblöð og veita endurgjöf á skipulag og framkvæmd námskeiðsins og stjórnanda þess. 				
SAMTALS		30mín.	3 klst.	30 mín.	

Vinnustofa 2

Árangursrík samskipti milli leiðbeinanda og nemandans

Fræðslulota:

Samband leiðbeinanda og nemanda. Samskiptahæfni leiðbeinandans sem áhugahvetjanda nemandans í námi og í foreldrasamvinnu.

Tvíhliða samskipti – hvetjandi samtal. Frumlegar leiðir til að leysa vandamál sem snúa að erfiðum aðstæðum í samskiptum milli leiðbeinandans og nemandans.

1. **Lengd vinnustofnunar** 12 klst: Fyrirlestur (F) – 2klst , Æfingar (Æ) -10klst).
2. **Æskilegur fjöldi þátttakenda:** 34 kennarar.
3. **Markmið:**
 - Stýra og bæta skilning þátttakenda á viðburðum í skólum í félagslegu samhengi og mikilvægi tvíhliða samskipta þegar horft er til árangursríkra orðræðu um menntun.
 - Bæta hæfni þátttakenda til að nota ICT úrræði til að útbúa frumlegar lausnir í vinnu með börnum og ungmennum.
4. **Námsárangur:**

Þátttakendur munu:

 - verða meðvitaðir mögulegmistösk í samskiptum og afleiðingar þeirra þegar horft er til skilvirkni samskipta, sem gerir þeim kleift að veita daglegum samskiptum meiri athygli.
 - Að búa til, með aðstoð þeirra sem stýra æfingunni, reglur sem snúa að því að búa til nákvæm munnleg skilaboð sem nota má í daglegum samskiptum.
 - Öðlast þekkingu um samskiptaverkfæri: lokaðar / opnar spurningar, breyta orðalagi, nánari útskýringar og hvernig á að nota þessi verkfæri í samtölum.
5. **Kennsluaðferðir eftir formgerðarflokkun W.Okon**
 - Aðferðir til að samlaga þekkingu: fyrirlestrar, vinna með texta, umræður
 - Fullgilding: tilfinningarlegar og áhrifamiklar athafnir
 - Óháð könnun um þekkingu: dæmisaga
 - Hagnýtar aðferðir: æfingar sem koma hópnum í gang: látbragðsleikir, snjóbolti, kotlagning hugans.

6. Dagskrá námskeiðs:

	Þema	Efnislýsing	Tími		Hvað þarf að vera til staðar?	Athugasemdir
			F	Æ		
1	Skipulagning kennslustunda	<ul style="list-style-type: none"> Kynna þátttakendur fyrir viðfangsefninu og markmiðum vinnustofnna. Hópefli – æfing “látbragðsleikur” – kynna spil með látbragði 	5 mín	40 mín	<ul style="list-style-type: none"> stórt herbergi þar sem er mögulegt að skipta þátttakendum í hópa. Spil með atvinnugreinum og athöfnum. skjávarpi Margmiðlunar-kynning 	Útbúa spil með atvinnugreinum og athöfnum fyrir hópefli.
2	Nákvæmi munnlegra skilaboða.	<ul style="list-style-type: none"> Fjallað um uppruna mögulegra samskiptavillna og afleiðingar þeirra á skilvirkni samskipta. <p><u>Æfing 1:</u> Sýna uppruna og áhrif samskiptavillna. Hver þátttakandi fær eitt A4 blað. Leiðbeinandinn útskýrir næstu skref:</p> <ol style="list-style-type: none"> Brjóta saman blaðið í tvo jafn stóra hluta og rífa af efra hægra hornið. Brjóta blaðið aftur saman í tvo jafn stóra hluta og rífa af efra hægra hornið. 			<ul style="list-style-type: none"> Margmiðlunar-kynning Flettitafla Pappír fyrir flettistöflu A4 blöð tússpennar 	

		<p>c) Að lokum sýna þátttakendur hvernig blaðið lítur út. Það sem þátttakendur eiga að læra af þessu er munur er á hvernig blöðin þeirra líta út þrátt fyrir að þeir hafi fengið nákvæmlega sömu leiðbeiningar. Æfingin á að sýna að fyrirmælin voru ónákvæm og enginn möguleiki fyrir þátttakendur að spyrja spurninga.</p>				
		<ul style="list-style-type: none"> Hæfnin að spyrja spurninga sem hluti af uppbyggilegum samræðum. Virkni opinnar og lokaðra spurninga í samskiptum. <p><u>Æfing 2:</u> Þátttakendum er skipt upp í pör. Hver þátttakandi þarf að velja sér persónu. Persónan getur verið sagnfræðileg, úr bókmenntum eða þekktur einstaklingur. Verkefni hins aðilans er að finna út hvers konar persóna félagi hans hefur valið sér. Til að byrja með má einungis spyrja lokaðra spurninga (já/nei/veit ekki). Í annarri umferð (þegar þátttakendur hafa valið sér nýja persónu) má spyrja hvers konar spurninga (bæði opinna og lokaðra) fyrir utan að sjáfsögðu að spyrja beint “hver ertu?”.</p> <p>Leiðbeinandinn ræðir um muninn milli þessara tveggja spurningaflokka og biður þátttakendur um að lýsa þeirra upplifun því annars vegnar að mega einungis nota lokaðar spurningar og svo hins vegar að hafa frjálssar hendur hvað varðar spurningavalið.</p>				

		Leiðbeinandinn dregur fram helsta muninn milli upplýsinganna sem mögulegt er að fá eftir því hvor spurningategundin verður fyrir valinu.				
		<ul style="list-style-type: none"> • Byggja upp hvata fyrir leiðbeinandann og nemandann til að auka skilvirkni samskipta þeirra sem leið til að gera lærdómsferlið skilvirkara. <p><u>Æfing 3:</u> Einstaklingsgreining á þörf fyrir hvata. Próf byggt á hugtaki S.P. Robbins “hvað hvetur þig áfram”</p> <p><u>Æfing 3a:</u> "hugflæði"vinna í 6-7 manna hópum þar sem búinn er til listi yfir þær reglur sem auðvelda nákvæmni munnlegra skilaboða.</p> <p>Stýra umræðum:</p> <p>a) Spyrja spurninga eins og “hvaða orð ætti að forðast til að hafa skilaboð skýr?”</p> <p>b) Endurbæta uppástungur þátttakenda</p> <p>c) Gera grein fyrir eigin uppástungum.</p> <p>Taka saman listana sem hóparnir gerðu og sýna á töflunni. Þátttakendur ættu að vera hvattir til þess að nota þessar reglur í daglegum samskiptum, sérstaklega þegar þörf er á nákvæmni í samskiptum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar verið er að þjáfla nemendur. Hvernig við orðum spurningar í þjálfunarferlinu er það sem skiptir höfuðmáli þegar við</p>			<ul style="list-style-type: none"> • Robbins próf 	

		erum að fá nemendur til að átta sig á hæfileikum sínum og setja sér markmið sem eru nauðsynlegt fyrir þróun persónulegan þroska þeirra. Leiðbeinandinn talar ekki um vandamál heldur um krefjandi verkefni. Aðalatriðið er að ákveða ekki hvenær eitthvað gengur ekki heldur hvað hægt sé að gera til að láta það ganga. Með því að spyrja spurninga hlustar leiðbeinandinn og aðstoðar nemandann við að skilja aðstæður og leita lausna.				
3	Kjarni tvíhliða samskipta.	<ul style="list-style-type: none"> Hlutverk virkar hlustunnar, hvernig á að byggja upp viðhorf sem leitast við að auka skilvirkni samskipta. <p><u>Æfing 4:</u> Skiptið hópnum upp í tvö lið. Annað liðið er kyrt í stofunni og undirbýr sögu (uppspuni) sem er minnst 10 setningar á meðan hitt liðið yfirgefur stofuna. Kjarni þessarar æfingu er að segja einum aðila í einu úr hópnum sem vék úr stofunni söguna og svo er hlutverk hans að segja næsta aðila hana og svo koll af kolli þar til að allir meðlimir hópsins hafa heyrt hana. Þeir sem eru að hlusta mega ekki spyrja spurninga né biðja aðilann sem segir söguna að endurtaka eða skrifa hluta af sögunni niður.</p> <p>Verkefni liðsins sem samdi söguna er að fylgjast með og skrá hegðun þeirra sem flytja söguna (líkamsstöðu, hversu nákvæmlega þeir muna söguna og hversu lík hún er upprunalegu sögunni og skrá breytingar sem hafa orðið á henni frá upphafi).</p>	30 min	3.5 klst	<p>-Margmiðlunar-kynning</p> <p>-Sagan af Grænhettu</p> <p>-A4 blöð</p> <p>-Pennar</p> <p>-Ljósrit af æfingunum, eitt fyrir hvern hóp</p>	Þú getur notað aðra sögu. Sagan þarf að uppfylla eftirfarandi: <p>Minnst tíu setningar ætti að vera svipuð þekktar sögu svo möguleiki sé á að þátttakendur rugli sögunum aðeins aman en á sama tíma vera nægilega ólík.</p>

		<p>Æfingin endar með því að sá sem heyrði söguna síðastur segir söguna og svo eru umræðum um hvernig sagan breyttist milli sögumanna. Áhersla er lögð á það að oft, þrátt fyrir góðan ásetning (enginn ætlaði að breyta sögunni vísvitandi) þá:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Hlustum við valkvætt -bætum ómeðvitað inn nýjum upplýsingum. -breytum við merkingunni með eigin túlkun. 				
		<ul style="list-style-type: none"> • Aðferðir til virkar hlustunar: íhugun, umorðun og nánari útskýring <p><u>Æfing 5:</u> Skiptið hópnum upp í þrjú lið – íhugun, umorðun og nánari útskýring, þar sem liðin munu gefa endurgjöf frá þeirra sjónarhorni á skilaboðin sem þau fá. Þú þarft að undirbúa skilaboð með þessar þrjár aðferðir til virkar hlustunar í huga.</p> <p><u>Æfing 6:</u> Þör skiptast á stuttum samtölum, 2-3 setninga löngum. Samtölin eru umorðuð með því að notast við snjóbolta aðferðina. Skrifaðar eru niður nokkur dæmi um umorðaðar setningar. Í hópum af 6-8 þátttakendum er eitt umræðuefni valið með því að notast við nánari útskýringu (áhersla lögð á mikilvægasta umræðuefnið). Fyrsti þátttakandinn ber fram setningu um umræðuefnið. Næsti þátttakandi umorðar setninguna og svona er farið í</p>			<p>Hvað hindraði og hvað gerði hópnum klefit að uppgötva hvað olli ákveðinni niðurstöðu í atburðinum.</p> <p>Breytti greining hópsins hvernig atburðurinn var túlkaður?</p> <p>Tók fyrsti þátttakandinn eftir örðum skilyrðum? Hversu oft höldum við okkur við fyrstu túlkun aðstæðna en horfinum ekki á</p>	

		gegnum hópinn koll af kolli þar til allir hafa umorðað setninguna. Það sem æfingin snýst um er að velta fyrir sér hvaða áhrif tilfinningar hafa, t.d. “ég merki það að þú ert ánægður að þökk sé möguleikanum á að geta umorðað skilur þú möguleika betur” eða “það lítur út fyrir að þú sért reiður vegna þessarar spurningar”			málið frá öllum hliðum?	
		<ul style="list-style-type: none"> Hvetjandi samtal – utanaðkomandi hvatar koma frá skólaumhverfinu og utanaðkomandi aðstæðum. Æfing 7: hugarkortlagning – sex manna hópar kortleggja tengingar milli vandamála sem koma upp í aðstæðum tengdum skólaumhverfinu. Kynning á niðurstöðum.				
		Æfing 8: “Hvers vegna gerðist þetta” – dæmisaga – greining á ástæðum tengdum því að ná árangri eða mistakast. Sá þátttakandi sem kynnir upplýsingar tengdar ákveðnum atburði leggur fram staðreyndir og svarar síðan spurningum frá hinum meðlimum hópsins án þess að gefa upp hvaða afstöðu hann hefur til atburðarins. Í fjögurra manna hópum taka þátttakendurnir viðtal við þann sem kynnti upplýsingarnar og í sameiningu finnur hópurinn ástæðu þess að atburðurinn tókst eða mistókst. Kynning á niðurstöðum				
		Æfing 9: Að læra að þekkja eigin hvata og hvað hefur áhrif á þá. Samræður í pörum þar sem þátttakendur reyna að				

	<p>velja atburð til að greina. (dæmi: einhæf þrif á íbúð, verla í búð, meðferð á snyrtistofu, æfing í líkamsræktarstöð, elda).</p> <p>Verkefni para er að finna út hvað getur breyst ef horft er til hegðunar þátttakandans atburðinum sem valinn er.</p> <p>Breytið a.m.k. þrisvar um aðstæður. Íhugun – undirbúningur myndrænnar kynningar um áhrif hegðunar á útkomu atburðarins.</p> <p>Kynning um hvaða áhrif hegðun hefur til að gera niðurstöður betri eða verri.</p> <p>Að hvaða leyti skiptir hvatning máli?</p> <p>-Er mögulegt að draga hagnýta ályktun?</p>				
	<ul style="list-style-type: none"> • Mikilvægi óyrtra samskipta – líkamstjáning í félagslegum samskiptum. <p>Æfing 10: Í sex manna hópum nota þátttakendur hugflæði og skrifa niður einkenni óyrtra samskipta.</p> <p>Æfing 11: Hópnum er skipt upp í þriggja manna hópa. Í hverjum hóp er einn áhorfandi sem hefur það hlutverk að fylgjast með samskiptum milli hinna tveggja, bæði munnlegum samskiptum og óyrtum. Samræðurnar ættu ekki að vera lengri en fimm mínútur. Áhorfandinn fær æfingablað með upplýsingum um hvað eigi að skrá niður. Áhorfandinn fylgist einnig með hæfileika hinna til virkar hlustunar, þ.e. spyrja spurninga, umorða og einbeita sér. Meðlimir hópsins sem eiga í samræðunum vita ekki hverju áhorfandinn er að fylgjast með.</p>			-Æfingarblað upplýsingum um hverju á að fylgjast með	

		<p>Eftir að samræðum líkur og áhorfandinn hefur lokið við að skrá athugasemdir ræða hópameðlimir saman um hvað þeir telja einkenna samskipti þeirra sem áttu í samræðum. Umræður um eftirfarandi spurningar:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Endurspeglaðist áhugi á því sem félaginn var að segja í líkamsstöðu og augnsambandi? -Hvernig kom áhugaleysi fram? -Var einhver hegðun sem truflaði félagann? <p>Þátttakendur eiga í samræðum með ákveðnum hindrunum. Þátttakendur sitja í hring svo allir sjái alla. Hver þátttakandi býr til sitt eigið tákni s.s klappa á bak eða krossleggja fætur. Áður en leikurinn byrjar sýna þátttakendur sitt merki. Sá sem byrjar verður að sýna sitt merki og síðan merki einhvers annars. Sá sem á það merki verður að svara með því að gera sitt merki og svo merki ein hvers annars. Sá sem svarar ekki strax eða gerir rangt merki (sem enginn er með) er úr leik. Leikurinn heldur áfram þar til einn þátttakandi stendur eftir. Í lok æfingarinnar eru eftirfarandi spurningar ræddar.</p> <ul style="list-style-type: none"> -var erfitt að eiga í samskiptum í þessum aðstæðum -Heftir óyrt hegðun samskipti eða auðveldar hún þau og hvers vegna? 				
--	--	--	--	--	--	--

4	Sjálfbirgni og mikilvægi daglegra samskipta	<ul style="list-style-type: none"> Kynning á hugtakinu Sjálfbirgni sem tækis sem getur aukið skilvirkni samskipta. <p>Æfing 13: Leið til að finna út hver sjálfbirgni hvers þátttakanda er - próf</p> <p>Æfing 14: Hlutverkaleikur þar sem sjálfbirgni er notuð í ákveðnum aðstæðum.</p> <p>Æfing 15: Hópvavinna til að læra að þekkja sjálfbirgna hegðun.</p>	15 mín	1.5 klst	<p>-Sjálfbirgnispróf fyrir alla þátttakendur með túlkun á niðurstöðum</p> <p>-6 aðstæður fyrir hlutverkaleik.</p>	
5.	Fumlegar leiðir til að leysa vandamál í erfiðum samskiptum milli leiðbeinandans og nemandans.	<ul style="list-style-type: none"> Einkenni hegðunar fyrir ákveðin samskipti. (instrumental, self-centered and allocentric style) <p>Æfing 16: próf – ákarðar einstaklingsstíl í samskiptum. Greinir algengustu flokka hegðunar í samskiptum og samskiptaferli milli þátttakenda.</p> <ul style="list-style-type: none"> Ástæður þess að skilaboð komast ekki rétt til skila í samskiptum. <p>Æfing 17: Að finna út hvernig einstaklingar taka á móti skilaboðum. Byggt á Ears by von Thun prófinu Aleksandra Osiak og Izabela Śliwińska).</p>	30 mín	2 klst	<p>-Próf Ears by vonThun</p> <p>(höfundar Aleksandra Osiak, Izabela Śliwińska)</p> <p>-Æfingaspjöld – hvernig á að taka á móti skilaboðum.</p>	

		<p>Æfing 18: Þör vinna með æfingaspjöldin um hvernig eigi að taka á móti skilaboðum. Samantekt á æfingunni.</p> <ul style="list-style-type: none"> Hvernig eigi að vinna með mótspyrnu – aðstæður sem geta verið erfiðar og hvernig á að sigrast á þeim. – fimm skref hvernig mögulegt er að vinna með mótspyrnu eftir John Enright'a. <p>Æfing 19: Í sex manna hópum leitast þátttakendur við að koma auga á vandamál á þremur sviðum: persónuleg, vitsmunaleg og stofnanalega. Kynning á niðurstöðum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stress – streituvaldar og einkenni stress sem hafa áhrif á samskipti einstaklinga. Leiðir til að vinna með stress. <p>Æfing 20: greining á eigin hegðun í stressandi aðstæðum og afleiðingar þeirrar hegðunar. Fyllið út æfingarblaðið í fjögurra manna hópum.</p> <p>“Viðbrögð mín við stressi” umræður – deila athugasemdum</p> <p>Æfing 21: “hugsaðu jákvætt” – greining á ákveðnum atburðum og öfug svör gefin. snúa neikvæðum setningur yfir í jákvæðar. Æfingablaðið fyllt út af hverjum og einum</p>				
--	--	--	--	--	--	--

		þátttakanda og svo eru svörin lesin upp í fjögurra manna hópum.				
6	Samantekt og mat á vinnustofunni	<p>Samantekt á vinnustofunni: Farið í hring : Ég held ég muni nota....</p> <ul style="list-style-type: none"> • Koma skipulagi á upplýsingar sem skipta máli þegar litið er til mikilvægis tvíhliða samskipta hvað menntun varðar. • Mat – Þátttakendur fylla út matsblað – til að fá endurgjöf á skipulagningu vinnustofunnar og þá sem halda hana. 	10 min	20 min	--Matsblað -Pappír -Mennar -Margmiðlunar- kynning	
Samtals			2 klst	10 klst		

Vinnustofa 3

GROW módelið og 4MAT módelið eftir Bernice McCarthy

Fræðslulota:

GROW Módelið sem kennsluáferð. Kjarni og sérstaða 4MAT Móðelsins eftir Bernice McCarthy

1. Lengd vinnustofunnar: 18 klst: Fyrirlestur (F)-2.5 klst. Æfingar (Æ) -15.5 klst
2. Fjöldi þátttakenda 34 kennarar
3. Markmið:
 - Undirbúa þátttakendur fyrir notkun á frumlegum aðferðum fyrir skilvirkan lærdóm í kennsluáferðum fyrir börn og ungmenni.
 - Kenna þátttakendum hugtök sem hjálpa þeim að skilja GROW módelið og mikilvægi þess í þjálfun
 - Kenna þátttakendum sérstöðu og kjarna 4MAT kennslmóðelsins eftir Bernice McCarthy
 - Auka hæfni þátttakenda til að nota ICT úrræði þegar það kemur að því að finna frumlegar lausnir í vinnu með börnum og ungmennum
4. Námsárangur:
Þátttakendur munu:
 - Öðlast grunnþekkingu hvað varðar lærdóm þegar litið er til ólíkra lærdómssniða
 - Kynna lærdómssniðamódel eftir David Kolb, sem gerir þeim kleift að hanna lærdómsferil fyrir viðfangsefnið / vandamálið
 - Þekkja sérstöðu og kjarna 4Mat móðelsins eftir Bernice McCarthy
 - Sýna fram á getu sína til að kynna eigin hugmyndir, rökstyðja þær með rökum sem styðjast við fræðilegan grunn 4MAT móðelsins eftir Bernice McCarthy
 - Öðlast hæfileika til að búa til aðferðafræðilegar lausnir, sem þeir munu búa til með því að notast við 4MAT módel Bernice McCarthy
 - Skilja og hugsa upp siðfræðileg vandamál tengd þeirra eigin vinnu og væntingum og þarfið skólaumhverfisins – leita hagsæðra lausna við tilvonandi vandamálum.
 - Búa til beinagrind að þjálfunarsamtali með nemanda um vandamál með því að nota GROW módelið. Öðlast praktíska reynslu í nota aðferðir úr vinnustofunni í þjálfunarvinnu í uppeldisfræðilegu umhverfi.
5. Kennsluáferðir:
 - Aðferðir samlögunar þekkingar: fyrirlestrar, vinna með texta, umræður.
 - Hagnýtar aðferðir: Læra með því að gera.

6. Dagskrá námskeiðs

	Þema	Efnislýsing	Tími		Hvað þarf að vera til staðar?	Athugasemdir
			F	Æ		
1	Skipulagning kennslustunda. Kynning á hugtakinu þjálfun	<p>- Kynning á efninu og markmiðum vinnustofunnar</p> <p>- Hópefli</p> <p>Æfing 1: "MYNDIR" – litríkar myndir klipptar út úr dagblöðum (daglegar athafnir, hlutir, blóm, byggingar, götur, fólk) eru nauðsynlegar fyrir þessa æfingu.</p> <p>Þátttakendur velja myndir sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> -sýna jákvæðum hluta af ímynd þeirra -lýsa vini þeirra eða -eru samkvæmt lífsspeki þeirra og þeir færa rök fyrir vali sínu 	10 mín	30 mín	<p>-Stór kennslustofa sem býður upp á möguleikann að skipta hópnum upp í minni hópa.</p> <ul style="list-style-type: none"> -skjávarpi -margmiðlunar-kynning 	
2	GROW módelið sem aðferð í þjálfunarvinnu	<p>- Kjarni og mikilvægi GROW módelsins sem tæki til að auka skilvirkni leiðbeinanda</p> <p>Æfing 2: Búa til þjálfunarsamtal um ákveðinn hluta skólatímans með því að notast við fjögur skref – kynning/hlutverkaleikur</p>	30 mín	4 klst	<ul style="list-style-type: none"> -Margmiðlunar-kynning -A4 blöð -tússpennar -flettitafla -pappir fyrir flettistöflu. 	<p>Við veitum stutta lýsingu á öllum stigum æfingarinnar. Það er ekki nauðsynlegt að kynna það svoleiðis en við mælum með því</p>

		<p>- Kjarni Cartesian spurninga í GROW módelinu.</p> <p>Æfing 3: Vísað er í þjálfunarsamtalið sem búið var til í æfingu 2 og svör búið til með Cartesian spurningar í huga:</p> <p>-Hvað mun gerast þegar ég næ markmiðum mínum?</p> <p>-Hvað mun ekki gerast þegar ég næ markmiðum mínum?</p> <p>-Hvað mun ekki gerast þegar ég næ markmiðum mínum ekki</p> <p>-Hvað mun gerast þegar ég næ markmiðum mínum.</p> <p>Samantektar spurningar:</p> <p>-Hvaða tilfinningar fylgja því að klára verkefni</p> <p>-Hvaða tilfinningar ertu að upplifa núna?</p> <p>-Hvað ertu að tileinka þér?</p>	10 mín	1 klst		
3	4MAT eftir Bernice McCarthy sem frumleg leið til að færa þekkingu milli kennara og nemanda	<p>Nútímalegar stefnur í kennsluháttum.</p> <p>-Kennsla í ljósi Neurodidactics</p> <p>-Videosamtal við M. Žylińska.</p> <p>Styra umræðum um skipulag vinnu í ljósi þekkingar frá neurodidactics</p>	1 klst	9 klst	<p>-Bilanagreining til að prófa lærdómshætti</p> <p>-“Active verbs” eftir Bloom</p> <p>-Spjöld með flokkun kennslufræði-</p>	

		<p>Æfing 4: Uppbyggileg yfirferð á því hvernig maður sjálfur kennir – lærdómur – þegar við styðjum vinnu heilans og þegar við gerum heilanum erfitt fyrir.</p> <p>Þátttakendum er skipt upp í 6 hópa. Hver hópur fær veggspjal og ákvarðanatré og í gegnum hugarflug leitar hópurinn að rökfærslum með og á móti fyrirfram ákveðnu vandamáli.</p> <p>Kynning á veggspjöldunum. Kynning frá liðstjórum á þeim hugmyndir sem eru samþykktar af hópunum. Samantekt á niðurstöðum hópsins.</p>			<p>aðferða eftir Kupisewicz</p> <p>-Blöð fyrir flettistöflu</p> <p>-Kennaratyggjó til að festa veggspjöldin á vegginn</p> <p>-A4 blöð</p> <p>-Tússpennar</p> <p>-Marmiðlunar-kynning</p> <p>-Videosamtal við M. Żylińska</p>	
		<p>-4MAT módelið eftir Bernice McCarthy – 4 lærdómshættir.</p> <p>Æfing 5: Tengja saman nauðsynlega þekkingu við lærdómshætti.</p> <p>Þátttakendum er skipt í fjóra hópa. Hver hópur fær einn af fjórum 4MAT lærdómssniðum eftir Bernice McCarthy ásamt lýsingu á hvernig hegðun passar við lærdómssniðið og lista af spurningasagnir eftir B.Bloom. Verkefni hópsins er að tengja saman</p>				

		<p>þá kunnáttu við lærdómssniðið með því að nota spurningasagnirnar: hvers vegna? hvað? hvernig? hvað ef?</p> <p>Hver hópur notar svo spjaldið með kennslufræðiaðferðum til að tengja þær við lærdómssniðin og þekkinguna.</p> <p>Kynning á niðurstöðum hópanna og umræður um hvaða spurningar komu upp meðan á vinnunni stóð.</p>				
		<p>Æfing 6: Búa til nýjan kennsluferil með því að nota 4MAT módelið eftir Bernice McCarthy.</p> <p>Þátttakendum er skipt í átta hópa.</p> <p>Með vísan í ítarlegar reglur kennsluferils 4MAT kennslumóðelsins eftir Bernice McCarthy og á grundvelli þess að fyrirkomulag kennslustundanna í ákveðinni námgrein, viðfangsefni, vandamáli.</p> <p>Kynning á niðurstöðum hópsins og umræður um lausnir.</p>				
		<p>- Módel David Kolb sem grundvallarmódel fyrir lærdóm sem byggður er á reynslu.</p> <p>Æfing 7: Greining á aðal lærdómssniðum eftir D.Kolb próf.</p>			-Kolb próf – lærdómssnið	

		<p>Æfing 8: Ákvörðun kosta og takmarkana á lærdómssnið D.Kolb með því að gera SVÓT greiningu.</p> <p>Þátttakendum er skipt í fjögurra manna hópa þar sem hver hópur skrifar niður þeirra eigin hugmyndir um fjóra þætti: styrkleika, veikleika, sóknarfæri og ógnir hvers lærdómssniðs. Sameiginleg greining á niðurstöðum þar sem skilgreint er hverjar kröfurnar eru fyrir framtíðarnotkun á ákveðnum lærdómssniðum. Samantekt á áhrifum hópavinnunnar.</p> <p>Æfing 9: Búa til ákjósanlega kennslueining /lærdómsferil (kennslustundir með kennara, fyrirlestur fyrir foreldra) með því að nota módel D.Kolb. Þátttakendum er skipt í fjögurra manna hópa með því að nota ICT.</p>				
4.	Samantekt og mat	<p>Samantekt:</p> <p>Æfing 10: “Hugmyndir mínar (skrifaðar á stórt blað með nafni þátttakandans lóðrétt og út frá hverjum staf lárétt skrifa þátttakendur hugmyndir sínar varðandi vinnustofur dagsins.</p> <p>-Samantekt á nauðsynlegum upplýsingum sem varða lærdómssniða</p> <p>- Mat – Þátttakendur fylla út matsblað – til að fá endurgjöf á skipulagningu vinnustofunnar og þá sem halda hana.</p>	20 min	1 klst	<p>Matsblöð</p> <p>-A4 blöð</p> <p>-tússpennar</p> <p>-margmiðlunar-kynning</p> <p>-æfingarblöð sem taka saman hvaða þekking hefur fengist í vinnustofunni</p>	

					og hvernig er hægt að nýta hana	
					-Pennar	
Samtals			2.5 klst	15.5 klst		

Vinnustofa 4

Lærdómssnið

Fræðslulota:

Lærdómssnið

1. **Lengd vinnustofu:** 6 klst: Fyrirlestrar (F) – 1klst , Æfingar (Æ) – 5 klst.

2. **Fjöldi þátttakenda:** 34 kennarar

3. **Markmið:**

- undirbúa þátttakendur til að nota frumlegar leiðir til skilvirkrar kennslu í vinnu með börnum og ungmennum.
- Öðlast færni til að þekkja lærdómsvalmöguleika sem tæki til hvatningar þegar kemur að því að öðlast þekkingu og færni.
- undirbúa þátttakendur til að skipuleggja lærdómsferlið á skilvirkan máta og leyfa sköðunargáfu og frumleika að hafa áhrif á hvaða aðferðir eru notaðar í kennslunni.
- Auka hæfni þátttakenda til að nota ICT úrræði þegar það kemur að því að finna frumlegar lausnir í vinnu með börnum og ungmennum

4. **Námsárangur:**

Þátttakendur munu:

- Öðlast færni í grunnkenningum lærdóms og kennslu sem gera þátttakanda kleift að skilja ákvarðanda þeirra
- Öðlast þekkingu sem varðar mikilvægi kenningarinnar um margskonar vitsmuni eftir Howard Gardner sem gerir þátttakendum kleift að ákvarða hvaða tegund vitsmuna þeir eru að vinna með og greina þá og þannig búa mynd af eigin vitsmunum sem og mynd af vitsmunum nemenda.
- Átta sig á mikilvægi mismunandi lærdómsstíla sem leið til að móta skilvirkni náms.
- geta notað greiningartól ætluð til að rannsaka lærdómsstíla og afleiðingar þess að sleppa þeim.
- átta sig á mikilvægi þess að búa yfir færni til greiningar á faglegum stuðning við nemendann í lærdómsferlinu og margbreytileika íhlutunar á grundvelli utanaðkomandi einkenna.
- Að geta tilgreint leiðir sem þátttakendur kjósa frekar til náms með því að nota þau greiningartól sem eru fyrir hendi.
- Hafi aukna getu til að greina og metið á skynsaman máta flóknar lærdómsaðstæður, sem gera þátttakendum kleift að spá fyrir um lausnir og búast við afleiðingum skipulagðra athafna á ákveðnum sviðum.
- hafa yfirgripsmikla þekkingu og færni í hagnýtri nokkun á ICT úrræðum í gagnaöflun og vali á upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að undirbúa kennslu.

5. Kennsluaðferðir:

- Aðferðir samlögunar þekkingar: fyrirlestrar, vinna með texta, umræður.
- Hagnýtar aðferðir: Læra með því að gera.
- Aðferðir sem byggja á lærdómi einstaklingsins: dæmisögur, svipaðar aðferðir, skiptast á hugmyndum.
- Hagnýtar aðferðir: hópefli

6. Dagsrá námskeiðs:

	Þema	Efnislýsing	Tími		Hvað þarf að vera til staðar?	Athugasemdir
			F	Æ		
1	Skipulagning kennslu og kynning á efninu.	<ul style="list-style-type: none"> Kynna viðfangsefnið og markmið vinnustofunnar fyrir þátttakendum. Hópefli <p>Æfing 1: “hópblóm” upplýsingum er safnað saman um algeng einkenni þátttakenda. Þátttakendum er skipt í fimm til sex manna hópa. Hver hópur situr við borð og fær veggspjald með blómi í miðjunni og hver einstaklingur fær einn litaðan blaðabút sem verður “krónublað”. Verkefnið er að skrifa upphafsstaði á blaðið og smá upplýsingar um sig t.d. hvað mér finnst gaman að gera í frítímanum. Í hópnum kynna þátttakendur sig með upplýsingunum á krónublaðinu og setja blaðið í kringum miðju blómsins og ákvarða svo eitt ákveðið einkenni fyrir hópinn sem þeir skrifa í miðju blómsins.</p> <p>Eftir að niðurstöður hópanna hafa verið kynnar búa þátttakendur til blóm fyrir allan hópinn.</p>	10 mín	45 mín	<ul style="list-style-type: none"> -Stór kennslustofa sem býður upp á möguleikann að skipta þátttakendum í minni hópa -Skjávarpí -Margmiðlunar-kynning -Flettistöflu pappír -tússpennari -sjálflímandi minnismiðar í mismunandi litum -kennaratyggjó til að líma veggspjöldin á veggina. 	

2	Fræðilegur grunnur – hvað er lærdómur? .	<ul style="list-style-type: none"> Lærdómur er lykilhæfileiki á lífsferlinum. <p>Æfing 2: “hugflæði” – skilgreina ákvarðana náms. Þróa algeng verkfæri / hvata fyrir lærdómi /vinnu.</p> <p>Æfing 3: “Demantaröðun” – í hópum eru ákvörðundum raðað eftir ákvðenu mynstri “mikilvægustu lögmálin, mikilvæg lögmál, minna mikilvæg lögmál, minnst mikilvæg lögmál. Rök gefin fyrir röðuninni.</p>	10 min	30 min	<ul style="list-style-type: none"> -Margmiðlunar-kynning -flettitöflupappír -tússpennar -sjálflímandi minnismiðar í mismunandi litum -kennaratyggjó til að líma veggspjöldin á veggina. 	
3.	Áhrif lærdómsstílsins á áhrif vinnu nemenda	<p>Mikilvægi kenningarinnar um margskonar vitsmuni eftir Howard Gardner í lærdómsferlinu.</p> <p>Æfing 4: Ákvörðun á persónulegi mynd byggð á MI spurningalistanum og birtingu hans í myndrænni lýsingu á vitsmunum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Kynnig á fjórum lærdómsstílum eftir Peter Honey and Alan Mumford (sundurleitir, samleitin, umberandi, aðlagandi) Kynning á því sem mismunandi manngerðir kjósa frekar varðandi lærdómsstíla sína og stöðu 	30 min	2.5 klst	<ul style="list-style-type: none"> -Margmiðlunar-kynning -próf – margskonar vitsmunir eftir H. Garnera -Greiningarblöð til að kanna lærdómsstíla -A4 blöð -tússpennar 	

		<p>þeirra í hringrás Honey and Mumford, raunhyggjumenn, sálkönnuður, hugmyndafræðingur og raunsæismaður. -</p> <p>Æfing 5: verkefnaborð. Hver hópur fær dæmisögu og á að greina lærdómsstíl hennar. Hópurinn býr til flokka yfir hugtök stílsins. Hópurinn greinir lærómsstílin. Spurningalistar með lýsingu á mismunandi lærdómsmöguleikum.</p> <p>Æfing 6: “Sænska borð aðferða” til náms – kynning á æfingum OLS – Optimal Learning State – hlutverkakaleikur byggður á grunngögnum. Ákveðið ástand er búið til af manneskju sem er góð í að tjá sig bæði munnlega og líkamlega. Rætt er um ávinning þess að að nota ákveðnar “aðferðir af borðinu”.</p> <p>Æfing 7: Hópavinna – Búa til lista af persónulegum ávönum lærdómsferlisins: áður, á meðan og eftir nám. Umræður í hópu og rök færð fyrir þeim ávönum sem valdir voru.</p>			<p>-sex umslög með lýsingum á ákjósanlegum hegðunum í skilvirku námi fyrir á meðan og eftir lærdóm</p> <p>-Æfingar til að róa sem ná til beggja hálfhvela, orkufyllandi.</p>	
--	--	--	--	--	--	--

4.	Greining sem ákvarðandi hvað varðar skilvirkan stuðning fyrir lærdómstíl	<ul style="list-style-type: none"> Greiningarfærni kennarans til að vera faglegur stuðningur fyrir nemandann í lærdómsferlinu. <p>Æfing 8: Dæmisaga – Í hópum er lesin lesin lýsing á nemanda. Verkefni hópsins er að búa til færðsluverklag sem inniheldur fullnægandi vinnuaðferðir og útfærir kennsluumhverfið á þann hátt að rými sé til einstaklingsgreiningar á lærdómstíl.</p>	5 min	1 klst	<ul style="list-style-type: none"> -Margmiðlunar-kynning - Atburðardæmisaga -Tölvur með netaðgangi eða SMART-board -A4 pappír -tússpennar 	
5.	Samantekt og mat	<p>Samantekt:</p> <p>Æfing 9: Farið í hring “ég held ég muni nota....”</p> <ul style="list-style-type: none"> -Samantekt á nauðsynlegum upplýsingum sem varða lærdómssniða - Mat – Þátttakendur fylla út matsblað – til að fá endurgjöf á skipulagningu vinnustofunnar og þá sem halda hana. 	5 min	15 min	<ul style="list-style-type: none"> -Blað fyrir sjálfskoðun -A4 blöð -Tússpennar -Margmiðlunar-kynning -Matsblöð 	
Samtals			1 klst	5 klst		

